

## L Ö G

## um lögreglustjóra í Ólafsfirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps, lögfræðing til að hafa á hendi hreppstjórastörf í Ólafsfjarðarhreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsveld í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

## 2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda, enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

## 3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 kr. á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann auk þess fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

## 4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*